

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 10/1992, um persónuafslátt og sjómannaafslátt.

1. gr.

2. málsl. 2. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „reglugerðar nr. 183/1990, um skilagreinar“ í 3. mgr. 5. gr. kemur: reglugerðar nr. 753/1997, um mánaðarleg skil á staðgreiðslu og tryggingargjaldi.

3. gr.

8. gr. orðast svo:

Heimilt er að millifæra ónýttan persónuafslátt til maka þegar um hjón eða samskattað sambúðarfólk er að ræða eins og hér segir:

- a. Á staðgreiðsluárinu 2001 er heimilt að millifæra 90% ónýtt persónuafsláttar.
- b. Á staðgreiðsluárinu 2002 er heimilt að millifæra 95% ónýtt persónuafsláttar.
- c. Frá og með staðgreiðsluárinu 2003 er heimilt að millifæra ónýttan persónuafslátt að fullu.

Skilyrði þess að persónuafsláttur í staðgreiðslu sé millifærður skv. 1. málsgrein er að launagreiðandi hafi einnig skattkort makans í fórum sínum.

4. gr.

Í stað tilvísunarinnar „19. gr. laga nr. 49/1987“ í 10. gr. reglugerðarinnar kemur: með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum og 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. júní 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Greiðslur utan staðgreiðslu.

2. gr.

Eftirtaldar greiðslur falla ekki undir staðgreiðslu:

1. Ökutækjastyrkir sem greiddir eru samkvæmt sundurliðuðum gögnum, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar.

2. Dagpeningar, ferðapeningar og hliðstæður ferða- og dvalarkostnaður sem greiddur er í samræmi við 6. gr. reglugerðar þessarar.
3. Útfararstyrkir frá verkafélögum.
4. Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launamanni í té.
5. Vinningar í happdrætti, veðmáli og keppni.
6. Risnufé sem greitt er launamanni samkvæmt reikningi frá þriðja aðila sem endurgreiðsla á risnukostnaði launamanns í þágu launagreiðanda. Séu framangreind skilyrði eigi uppfyllt skal reikna staðgreiðslu af greiddu risnufé.
7. Ýmsar launagreiðslur sem eigi tengjast atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi launagreiðanda. Sem dæmi um slíkar greiðslur í einkaþágu greiðanda má nefna greiðslur fyrir hús- og heimilishjálpi og svipuð persónubundin störf sem ekki fara fram úr 130.000 kr. samtals á ári. Sama gildir um svipaðar greiðslur óskattskyldra aðila, t.d. húsfélaga, sem ekki fara fram úr 260.000 kr. samtals á ári.
8. Endurgjald sem maður skal reikna sér vegna starfs við sjálfstæða starfsemi sína ef starfsemin er svo óveruleg að reiknuð laun manns vegna slíkrar starfsemi verði eigi hærri, miðað við heilt ár, en 215.000 kr.
9. Reiknuð laun barna, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
10. Greiðslur höfundarlauna til Íslendinga búsettra hérlandis er fram fara samkvæmt lögum nr. 73/1972, sbr. 5. gr. laga nr. 45/1987 með síðari breytingum, er ekki fari fram úr 260.000 kr. á ári.
11. Greiðslur til fatlaðra vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar samkv. lögum um málefni fatlaðra.
12. Styrkir til fræðimanna, listamanna og vísindamanna sem veittir eru úr ríkissjóði, opinberum sjóðum, eða af opinberum stofnunum.
13. Verðlaun sem veitt eru í viðurkenningarskyni.
14. Starfsmenntunar- og vísindasjóðsstyrkir stéttarfélaga og annarra félagasamtaka til rannsóknna, þróunarstarfa, endurmenntunar og sambærilegra verkefna.
15. Launatekjur barna hjá sama launagreiðanda að hámarki fjárhæð skv. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 8. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum öðlast þegar gildi og kemur fyrst til framkvæmda við ákvörðun staðgreiðslu vegna launatímabilsins frá 1. júlí 2001.

Fjármálaráðuneytinu, 19. júní 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.